

Til Samgöngunefndar Alþingis
Vegna máls 738 um fjarskiptalög

Kaupmannahöfn 29. apríl 2005

Undirritaður telur að texti í 7 grein frumvarpsins varðandi geymslu á gögnum um internetumferð sé vanhugsaður. Frumvarpið orkar áreiðanlega tvímælis vegna friðhelgi einkalífs og persónuverndar. Sjálfum ofbauð mér þegar móðir vinar míns sem ólst upp í Berlín nasismans sagði frá þegar að yfirvöld komu í heimsókn og vildu skoða bókaskápinn. Persónuvernd, friðhelgi einkalífs ætla ég ekki að gera að umtalsefni. Ég tel að aðrir séu mér langt um fremri á því sviði. Hins vegar ætla ég að reyna að vekja nefndarmenn til umhugsunar um tæknileg atriði og kostnað.

Tæknin í upplýsingflutningi er í örri þróun. Það er alls ekki útséð um neinn staðal þar. Á Íslandi mæla menn og rukka fyrir fyrir gagnaflytning frá útlöndum. Þetta má eflaust útskýra með að flutningsgeta til landsins er takmörkuð, sennilega vegna stjórnunargalla í rekstri á köplum til landsins. Víðast þar sem ég hef verið erlendis þykir ekki svara kostnaði að standa í svona mælingum og einungis rukkað fast tengigjald. Slíkt hlýtur að verða reglan á Íslandi fljótlega.

IP-tölur má dulkóða. Kínverjar sem lengi hafa þurft að búa við tilraunir stjórnvalda til ritskoðunar eru framarlega í forritum sem gera notendum kleyft að athafna sig órekjanlega á netinu. MAC-tala er tala fylgir hverju netkorti í ethernet-staðlinum sem er ríkjandi í dag. Ég hef heyrt að MAC-tölur megi einnig dulbúa, ég veit að vísu ekki hvernig. Það má benda á að auðvelt er t.d. að skipta um netkort í tölvu og er þá við komandi með aðra MAC-tölu. Í þeirri tölu sem ég nota í augnablikinu er þrjú netkort (MAC-tölurnar 00:06:1B:D4:87:DB, 00:00:C0:C9:A4:F9 og 00:05:4E:41:A7:C4). Á að sýna skilríki í hvert sinn sem ethernet-kort er selt? Menn finna sér eflaust leið til að tengjast netinu á annan hátt.

Notendur lesa blöð, hlusta á tónlist (útvarp), horfa á sjónvarp yfir netið. Það er ekki skynsamlegt að safna þessu. Auðvelt er að dulkóða það sem maður hleður niður, flytja það í pörtum o.s.frv. Ég bendi nefndarmönnum á að kynna sér t.d. BitTorrent skráardeilikerfi. BitTorrent kerfið gengur út á að flytja smábúta héðan og þaðan oftast frá mörgum IP-tölum. BitTorrent er ný tækni núna, eftir ár verður þetta líklega gert með öðrum hætti. Ég veit um fyrirtæki sem flytur mörg gígabæt á dag dulkóðuð, þar sem innhaldið er viðskiptaleyndarmál.

Þó að gögn séu til staðar einhvers staðar tala þau ekki sjálf. Það þarf hugbúnað til að finna gögn í skrá og er vel líklegt að margir forritarar hugsu sér gott til glóðarinnar í allri þeirri vinnu sem svona eftirlitskerfi myndi skapa. Í Austur-Þýskalandi var hátt hlutfall starfandi manna upptekið í eftirlitsiðnaði. Kostnaði af gagnasöfnun og gagnagrunnsforritun verður varpað yfir á neytendur internetþjónustu og margt hæft starfsfólk verður teppt í eftirlitsforritun. Gagnsemin verður lítil því að allir sem hafa eitthvað að fela hafa mörg töl til þess. Tæknin hefur á undanförunum 25 árum gert alræðisríkjum ritskoðun ómögulega.

Ef þjóðin ætlar að setja aukna fjármuni til internetvæðingar væri fjármunum betur varið í að gera internetsamskipti við landi greiðari, t.d. með aukinni bandbreidd til landsins. Þannig fengju þeir starfsmenn sem nú eru uppteknir í að telja pakka sem koma frá útlöndum og skrifa reikninga uppbyggilegri verkefni. Æskilegt er að beina nýsköpun innanlands í frjórri farveg en að hafa eftirlit með íbúunum.

Það er ekki óeðlilegt að svona hugmyndir hafi komið fram í öðrum löndum. Í öllum löndum eru til alræðis- og eftirlitsöfl sem vilja skipta sér af því hvað einstaklingurinn er að gera. Svona eftirlit mun ekki virka erlendis frekar en hér. Í frumvarpinu eru talin upp nokkur Evrópulönd.

Í Bandaríkunum hafa komið fram hugmyndir eins og Palladium, trusted-computer, sem ganga út á að gera aðilum, stundum yfirvöldum, tæki til að snuðra inn á tölvur og athuga hvort þar sé eitthvað sem mönnum ekki líkar. Svona tæki í höndum óvandaðra manna er hættulegt saklausum almenningi og gagnslítið gegn þeim sem kunna að varast það. Í rökstuðningi fyrir svona hugmyndum er iðulega vitnað í barnaklám ólöglega hugbúnað, o.s.frv. Bandarískur þingmaður, Fritz, hefur verið áhugamaður um svona verkefni.

Rannsóknir lögreglu gætu hugsanlega verið auðveldari ef alls staðar væru eftirlitsmyndavélar og allir gengju með GPS-staðsetningartæki á sér. Kostnaðurinn við slíkt og vinnsla á gögnum sem þannig yrðu til er hins vegar allt of mikill. Svona kerfi virka enn sem komið er hvergi. Það er því engin ástæða fyri Íslendinga að flýta sér með svona lög.

Virðingarfyllt

Helgi Tómasson, (helgito@hi.is)